

Sj

Ályktun um sveitarstjórnarmál

Ályktun Landsfundar Samtaka um Kvennalista um sveitarstjórnarmál,
haldinn að Úlfljótsvatni dagana 14-15 nóvember 1997.

Á undanförnum árum hafa stórir og mikilvægir málaflokkar flust yfir til sveitarfélaganna og því er enn mikilvægara en fyrr að konur komi að ákvarðanatöku á þeim vettvangi.

Landsfundurinn telur brýnt að kvennalistakonur um allt land taki virkan þátt í komandi sveitarstjórnarkosningum því mikilvægt er að rödd kvenfrelsis og jafnréttis heyrist sem víðast.

Landsfundur Kvennalistans lýsir yfir ánægju sinni með virkni kvennalistakvenna víða um land við undirbúning komandi sveitarstjórnarkosninga og hvetur konur til öflugrar kvenfrelsissóknar.